

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið að biðstöðvar hópþifreiða „safnstæði“ verði afmarkaðar og merktar á eftirtöldum stöðum:

1. Tryggvagötu, við suðurkant, andspænis Tollhúsinu.
2. Snorrabraut 37.
3. Snorrabraut, á beygjurein er vísar inn á Laugaveg, milli Hverfisgötu og Laugavegs.
4. Þórunnartún 4.
5. Ingólfsstræti við Arnarhól. Núverandi biðstöð í Ingólfsstræti verði framlengd til norðurs, að gatnamótum Lindargötu.

Merking verði í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995 með umferðarmerkinu D09.21.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

F.h. lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, 14. júní 2017.

Jón H.B. Snorrason aðstoðarlögreglustjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. júní 2017